

Kaup L1234 ehf., VEX I slhf. o.fl. á Öryggismiðstöð Íslands hf.

- Pann 13. júlí 2023 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup L1234 ehf. („L1234“) á 91,19% hlut í Öryggismiðstöð Íslands hf. („ÖMÍ“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Með tölvupósti dags. 1. ágúst 2023 tilkynnti Samkeppniseftirlitið að samrunatilkynningin teldist fullnægjandi. Með hliðsjón af 17. gr. d. samkeppnislaga byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða þann 14. júlí 2023. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna og fyrri ákvarðana eftirlitsins.
- Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkvæmt c-lið 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga getur samruni átt sér stað þegar einn eða fleiri aðilar, sem þegar hafa yferráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, eða eitt eða fleiri fyrirtæki ná beinum eða óbeinum yferráðum, í heild eða að hluta, yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða öðrum hætti.
- Pann 6. júlí 2023 var undirritaður kaupsamningur um 91,19% hlut í ÖMÍ á milli L1234 sem kaupanda og Unaós og Daða Þórs Veigarssonar sem seljenda. Viðskiptin felist í því að L1234, sem var stofnað í tilefni af viðskiptunum, eignist hina seldu hluti, sem samsvari samanlagt 91,19% af heildarhlutafé ÖMÍ, og greiðir fyrir þá annars vegar með reiðufé og hins vegar með hlutabréfum í L1234. Félagið VPE-ÖR ehf., félag í fullri eigu VEX I slhf., framtakssjóðs í rekstri VEX ehf. („VPE-ÖR“) muni fara með um 48,8% eignarhlut í L1234 í kjölfar viðskiptanna og Feier ehf. og Laugarfell ehf. sem eru fyrir viðskiptin á meðal stærstu hluthafa Unaóss, muni fara samanlagt með um 50,5% hlut í L1234. Eignarhlutur L1234 í ÖMÍ verði 91,19%, en eftirstandandi 8,8% hlutur í ÖMÍ verði í eigu starfsmanna ÖMÍ.
- Í samrunaskrá kemur fremur fram að við uppgjör viðskiptanna muni hluthafar í L1234 undirgangast hluthafasamkomulag um stjórnun og meðferð þeirra á hlutum í L1234 og ÖMÍ. Að mati samrunaaðila leiði hluthafasamkomulagið til þess að VPE-ÖR, Feier og Laugarfell muni vera með sameiginleg yferráð yfir L1234 í skilningi 17. gr. samkeppnislaga, sbr. c-liður 1. mgr. 17. gr. laganna.

VPE-ÖR ehf.

- Í samrunaskrá er rakið að VPE-ÖR sé í fullri eigu VEX I slhf., sérhæfðs framtakssjóðs í rekstri VEX ehf. VEX ehf. er óháður rekstraraðili sérhæfðra sjóða sem starfar samkvæmt lögum um rekstraraðila sérhæfðra sjóða nr. 45/2020 en eigendur VEX ehf. eru Kólberg ehf., í eigu



Benedikts Ólafssonar, V46 ehf., í eigu Trausta Jónssonar, Sjávarsýns ehf., í eigu Bjarna Ármannssonar og Vátryggingafélag Íslands hf. VEX I hóf starfsemi á árinu 2021.

6. Samkvæmt samrunaskrá er ábyrgðaraðili Vex I Vex I GP ehf. Trausti Jónsson og Benedikt Ólafsson sitja í stjórn VEX I GP ehf. sem fer jafnframt með stjórn VEX I en endanleg stjórn sjóðsins er í höndum þeirra tveggja. Eignasafn Vex I fyrir kaupin á ÖMÍ samanstendur af eignarhlutum í fjórum félögum; AGR Dynamics ehf., Annata Holding ehf. sem fer með allt hlutafé í Annata hf., Opin Kerfi hf. og Icelandic Provisions Inc. Í samrunaskrá er fullyrt að starfsemi félaga í eignasafni Vex I skarist að engu leyti við starfsemi ÖMÍ.

Feier

7. Samrunaaðilar vísa til þess að Feier sé einkahlutafélag í eigu Vatnsholts ehf., sem sé í jafnri eigu Hjörleifs Þórs Jakobssonar og Hjördísar Ásberg, sem er eini stjórnarmaður Feier. Starfsemi Feier felist fyrst og fremst í fjárfestingum, svo sem í óskráðum félögum og fjárfestingarverðbréfum. Þá kemur fram að Feier fari með 30,7% hlut í Unaósi og 47,1% hlut í Top ehf. (nú Vekra ehf.), móðurfélagi Bílaumboðsins Öskju hf. Þá hafi félagið, í lok árs 2021 farið með eignarhlut í Snorrahúsi ehf. og Fellsströnd ehf. Í samrunaskrá er fullyrt að starfsemi félaga undir yferráðum Feier skarist að engu leyti við starfsemi ÖMÍ.

Laugarfell

8. Í samrunaskrá kemur fram að Laugarfell sé einkahlutafélag í fullri eigu Auðar Lilju Davíðsdóttur, framkvæmdastjóra sölu- og markaðssviðs ÖMÍ. Laugarfell heldur á 28,5% hlut í Unaósi og fer með yferráð (100% hlutur) yfir Berghrauni ehf. Ragnar Þór Jónsson er eini stjórnarmaður Laugarfells. Þá er fullyrt í samrunaskrá að starfsemi félaga undir yferráðum Laugarfells skarist að engu leyti við starfsemi ÖMÍ.

ÖMÍ

9. ÖMÍ er þjónustufyrirtæki sem býður upp á fjölbreyttar lausnir og þjónustu í öryggis- og velferðartækni, fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Heildarvelta félagsins árið 2021 var um 6,6 ma. kr. Dótturfélög og hlutdeildarfélag ÖMÍ eru eftirfarandi:
 - 115 Security ehf. (100%)
 - Öryggismiðstöð Norðurlands ehf. (100%)
 - HEB ehf. (100%)
 - Öryggisfélagið ehf. (100%)
 - Snjallöryggi ehf. (100%)
 - Slökkvitækjaþjónusta ehf. (100%)
 - AVIÖR ehf. (100%)
 - Eldverk ehf. (100%)
 - Arctic Reykjanes hf. (27,5%)
 - Sannir Landvættir ehf. (50%)



10. Samrunaaðilar telja að ekki sé þörf á að fjallað með ítarlegum hætti um mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Viðskiptin feli í sér samsteypusamruna þar sem L1234, hluthafar L1234 og eftir atvikum önnur félög undir yfirráðum hluthafa L1234 starfi ekki á þeim mörkuðum sem ÖMÍ starfi á. Samsteypusamrunar hafi almennt ekki í för með sér samkeppnisleg vandamál, enda séu ekki samkeppnisleg tengsl á milli þeirra félaga sem að samrunanum standa. Þá sé ekki fyrir séð að neins konar sambætting eigi sér stað við fyrirtæki undir yfirráðum L1234 eða hluthafa L1234, heldur sé eingöngu um að ræða fjárfestingu sjóðs í fjárfestingakosti sem hann telji álitlegan. Að sögn samrunaaðila leiði af framangreindu að möguleg neikvæð samkeppnisleg áhrif samrunans séu ekki til staðar að þeirra mati.

I. Niðurstaða

11. Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða markaði sem við eiga. Af hálfu samrunaaðila er vísað til þess í samrunaskrá að ÖMÍ sé þjónustufyrirtæki sem bjóði upp á fjölbreyttar lausnir og þjónustu í öryggis- og velferðartækni fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Hvað öryggislausnir varðar bjóði félagið upp á vörur og þjónustu varðandi öryggiskerfi, aðgangskerfi, brunavarnir, myndeftilit, öryggisgæslu og námskeið. Þá bjóði ÖMÍ upp á ýmskonar lausnir í velferðartækni, sem hafi það að markmiði að bæta lífsgæði og veita tækifæri til aukinnar þátttöku í samfélaginu. Megi nefna öryggishnappa, aðgengislausnir, ýmsar tegundir hjólastóla og heilbrigðislausnir og -tækni. ÖMÍ starfræki einnig ýmsa þjónustu sem tengist Keflavíkurflugvelli. Megi nefna svokallað bag-drop þjónustu og flugvallabjónustu sem felst í viðbótarvegabréfaeftirliti á Keflavíkurflugvelli vegna flugs utan Evrópu. Þá hafi ÖMÍ einnig sinnt bílastæðabjónustu sem felist í uppsetningu og þjónustu vegna gjaldtöku á bílastæðum. Loks megi nefna að meðan Covid-19 heimsfaraldurinn stóð yfir þá hafi ÖMÍ sinnt Covid-19 sýnatökum, ýmist fyrir Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins í Orkuhúsinu, á Keflavíkurflugvelli og á eigin skimunarstöðvum í BSÍ, Keflavík, Kringlunni og Hafnarfirði. Um markaðsskilgreiningu vísa samrunaaðilar vísa til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 45/2017, *endurupptöku á ákvörðun nr. 40/2014, misnotkun Securitas hf. á markaðsráðandi stöðu*, en í málinu hafi markaður verið skilgreindur sem heildarþjónusta á sviði öryggisgæslu fyrir heimili og fyrirtæki. Landfræðilegur markaður málsins væri jafnframt allt Ísland.
12. Samkeppniseftirlitið gerir ekki athugasemd við markaðsskilgreiningu samrunaaðila, þ.e. að hann taki til markaðs fyrir heildarþjónustu á sviði öryggisgæslu fyrir heimili og fyrirtæki. Þá sé landfræðilegur markaður allt Ísland. Ljóst er að langstærstur hluti tekna ÖMÍ og þar með starfsemi þess falli innan þessa markaðar. Að því er varðar aðra starfsemi ÖMÍ telur Samkeppniseftirlitið ekki nauðsynlegt að taka endanlega afstöðu til mögulegra markaðsskilgreininga.
13. Samkeppniseftirlitið telur ljóst að um er að ræða svokallaðan samsteypusamruna þar sem samrunaaðilar starfa ekki á sama markaði. Samkeppnisleg áhrif skapast því ekki vegna aukinnar samþjöppunar eða láréttra áhrifa. Þá er ekkert í fyrirliggjandi gögnum sem bendir til þess að skaðleg lóðrétt eða samsteypuáhrif leiði af samrunanum.
14. Að öllu framangreindu virtu er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitins að ekki sé ástæða til frekari rannsóknar né sé nauðsynlegt að aðhafast vegna þessa samruna.



II. Ákvörðunarorð:

„Kaup L1234 ehf. á 91,19% hlut í Öryggismiðstöð Íslands hf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að aðhafast frekar í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson